

Fimmtudaginn 4. maí 1995.

Nr. 143/1995.

Gjaldheimtan í Reykjavík

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Stíganda hf.

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. apríl 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 1995 um frestun málsmeðferðar á kröfu um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi „og dæmt, að héraðsdómara hafi verið óheimilt að fresta málsmeðferð gegn andmælum skiptabeiddanda“.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Barst greinargerð hans Hæstarétti eftir lok skrifstofutíma 2. maí 1995.

Við þingfestingu kröfu sóknaraðila um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðila fyrir héraðsdómi var þess óskað af hálfu varnaraðila, að meðferð kröfunnar yrði frestað. Gegn andmælum sóknaraðila varð héraðsdómari við því og frestaði meðferðinni til miðvikudagsins 3. maí 1995 kl. 9.30. Sá frestur er nú liðinn. Eiga aðilar þá ekki lengur réttarhagsmuni af því að fá úr deiluefni málsins skorið. Ber samkvæmt því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að héraðsdómara var ekki heimilt gegn andmælum sóknaraðila að veita varnaraðila frest á grundvelli 3. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
